

Aðalfundur Kviku banka hf. var haldinn 18. mars 2026 á Iceland Parliament Hotel við Austurvöll.

Helstu niðurstöður fundarins voru eftirfarandi:

1. Ársreikningur vegna ársins 2025 var samþykktur eins og hann var lagður fram. Þá samþykkti fundurinn að greiddur yrði út arður til hluthafa á árinu 2026. Fjárhæð arðsins nemi 0,36 krónum á hlut.
2. Fundurinn samþykkti eftirfarandi tillögu stjórnar um að heimila félaginu að kaupa eigin hlutabréf:

„Aðalfundur Kviku banka hf., haldinn þann 18. mars 2026, samþykkir að veita stjórn félagsins heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd félagsins allt að 10% af hlutafé þess. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að; i) koma á formlegri endurkaupaáætlun og/eða ii) auka eða styrkja viðskiptavakt með hluti í félaginu, þannig að félagið eigi, að öðrum lagaskilyrðum fullnægðum, allt að 10% af hlutafé félagsins. Hlutabréf sem Kvika eignast á grundvelli heimildar þessarar má nota í þeim tilgangi að uppfylla skuldbindingar félagsins samkvæmt kaupréttarsamningum, sem gerðir eru á milli félagsins og starfsmanna þess, sem og til greiðslu kaupauka, í samræmi við starfskjarastefnu og kaupaukakerfi Kviku. Framkvæmd endurkaupa á grundvelli heimildar þessarar er háð því skilyrði að fyrirframsamþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, samkvæmt 77. gr. reglugerðar ESB nr. 575/2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki, hafi verið veitt. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar, án þess þó að það hafi áhrif á endurkaupaviðskipti sem eru þegar hafin, eða þegar hefur verið stofnað til, fyrir þann 18. mars 2026.

Heimild þessi gildir fram að aðalfundi Kviku banka hf. árið 2027 en hafi hann ekki farið fram þann 30. apríl 2027 rennur hún út í síðasta lagi þann dag.“

3. Fundurinn samþykkti eftirfarandi tillögu stjórnar um lækkun hlutafjár með niðurfellingu eigin hluta og samsvarandi breytingu á samþykktum:

„Aðalfundur Kviku banka hf., haldinn þann 18. mars 2026, samþykkir að lækka hlutafé félagsins um 301.000.000 kr. að nafnverði, eða sem nemur 301.000.000 hlutum, úr kr. 4.631.000.000 í kr. 4.330.000.000 að nafnverði. Lækkunin verður framkvæmd með ógildingu eigin hluta bankans að framangreindri fjárhæð, að uppfylltum skilyrðum laga.“

Tillagan fól í sér breytingu á ákvæði gr. 2.1 samþykktu félagsins þannig að ákvæðið verður eftirleiðis svohljóðandi:

„Heildarhlutfé félagsins er kr. 4.330.000.000. Engar hömlur eru settar við ráðstöfun hluthafa á hlutabréfum í félaginu.“

4. Fundurinn samþykkti eftirfarandi breytingar á samþykktum félagsins:

(i) Að breytingar verði gerðar á 8. kafla og að hann verði svohljóðandi:

„8.1 Félagið hefur heimild til útgáfu viðeigandi fjölda nýrra gerninga sem teljast til almenns eiginfjárbáttar 1, samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sem eru fullnægjandi til þess að framfylgja ákvörðun skilavalds Seðlabanka Íslands skv. VI. kafla laga nr. 70/2020 um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja eða eftirgjöf skv. 54. og 55. gr., sbr. E-hluta X. kafla sömu laga. Skulu ákvæði greinar 2.4 samþykktar þessara um forgangsrétt hluthafa, ekki gilda um breytingar á hlutfé samkvæmt þessari grein 8.1. Ákvæði greinar 2.1 samþykktar þessara, um hlutfé félagsins, skal jafnframt uppfært án tafar til að endurspegla breytingar á hlutfé samkvæmt þessari grein og krefst ekki frekara samþykkis hluthafa.

8.2 Um slit félagsins, samruna þess við önnur félög eða skiptingu þess í tvo eða fleiri lögaðila skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutfélög, laga nr. 70/2020 um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og annarra laga eftir því sem við á.“

(ii) Að ákvæði greinar 9.1 breytist og verði svohljóðandi:

„Þar sem ákvæði samþykktar þessara segja ekki til um hvernig skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga um hlutfélög nr. 2/1995, laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja nr. 70/2020 eins og þau eru á hverjum tíma, auk annarra ákvæða laga, eftir því sem við á.“

5. Sjálfkjörið var í stjórn félagsins. Í aðalstjórn voru kjörin:

- Sigurður Hannesson
- Helga Kristín Auðunsdóttir
- Guðjón Reynisson
- Ingunn Svala Leifsdóttir
- Páll Harðarson

Til setu í varastjórn félagsins voru kjörin:

- Kolbrún Jónsdóttir
- Thomas Skov Jensen

6. Samþykktar voru eftirfarandi tillögur varðandi tilnefningarnefnd:

- (i) Samþykkt var að þóknun til nefndarmanna í tilnefningarnefnd verði fast tímagjald sem nemur kr. 30.500.
 - (ii) Þau Jakobína Hólmfríður Árnadóttir, Helga Melkorka Óttarsdóttir og Ragnar Páll Dyer voru kjörin í tilnefningarnefnd félagsins.
- 7. Á fundinum lá frammi tillaga um starfskjarastefnu félagsins í samræmi við 79. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög og var hún samþykkt.
 - 8. Aðalfundur kaus endurskoðunarfyrirtækið Deloitte ehf. sem endurskoðanda félagsins fyrir árið 2026.
 - 9. Margrét Flóvenz var endurkjörin í endurskoðunarnefnd bankans.
 - 10. Eftirfarandi tillaga um þóknanir stjórnar- og nefndarmanna var samþykkt:

„Lagt er til að þóknun stjórnarmanns fyrir næsta starfsár félagsins verði ákveðin kr. 595.000 á mánuði („mánaðarleg stjórnarþóknun“) og þóknun stjórnarformanns verði tvöföld mánaðarleg stjórnarþóknun. Lagt er til að varaformaður stjórnar fái auk mánaðarlegrar stjórnarþóknunar greitt 40% af mánaðarlegri stjórnarþóknun til viðbótar. Lagt er til að stjórnarmenn fái greitt 25% af mánaðarlegri stjórnarþóknun fyrir hvern stjórnarfund umfram 15 fundi fram að næsta aðalfundi félagsins.

Þá er lagt til að þóknun varamanna í stjórn verði helmingur mánaðarlegrar stjórnarþóknunar fyrir hvern setinn stjórnarfund en þó aldrei hærri en mánaðarleg stjórnarþóknun innan hvers mánaðar. Greiðsla til hvers varamanns skal að lágmarki nema mánaðarlegri stjórnarþóknun á ári. Loks er lagt til að nefndarmenn undirnefnda stjórnar fái 45% af mánaðarlegri stjórnarþóknun á mánuði og nefndarformaður fái þar að auki 15% af mánaðarlegri stjórnarþóknun á mánuði.“